# Hjallar 24, Patreksfirði




SNIÐ A-A

## BYGGINGARLÝSING

Um er að ræða einbýlishús á einni hæð við Hjalla 24, Patreksfirði.

| Hjallar 24: | Fastanúmer | Landnúmer | Staðgreinir |
|---|---|---|---|
| | F2506683 | L228999 | 4607-6- |

| Stærðir | Hús |
|---|---|
| Flatarmál íbúðar | 209,6m2 |
| Flatarmál bílageymslu | 32,0m2 |
| Flatarmál alls | 241,6m2 |
| Flatarmál C rýma | 56,4m2 |
| Rúmmál íbúðar | 706,8m3 |
| Rúmmál bílageymslu | 101,6m3 |
| Botn | 48,3m3 |
| Rúmmál alls | 856,7m3 |
| Lóðarstærð | 658m2 |
| Nýtingarhlutfall | 0,37 |
| Fjöldi bílastæða | 2 |




AFSTAÐA 1:500

BYGGINGARLÝSING:

ALMENNT:
Um ræðir léttbyggt einbýlishús úr timburgrind á einni hæð með innbyggðri bílageymslu. Aðkoma að húsi er á Norð –austur hlið fyrir akandi og gangandi umferð frá Hjöllum. Innrétting hússins er hjónaherbergi ásamt 4 barnaherbergjum, auk stóru alrými með eldhúsi, borðstofu og stofu sem og sjónvarpsrými. Baðherbergi eru 2, Þvottahús er í húsinu og geymsla er innan bílskúrs. Miðað er við 6 íbúa. Björgunarop eru í öllum svefnherbergjum, stærðir skv gr. 9.5.5 í byggingarreglugerð.

LÓÐ:
Steypt innkeyrsla og gangstígur liggur að aðalinngangsdyrum ásamt bílageymslu. Undirlag innkeyrslu og gangstígs er Þjappaður jarðvegur. Aðgengi að viðarpalli og garði (leiksvæði) á suðurhlið lóðarinnar er frá stofu. Einnig er útgengt á pall og út í garð frá hjónaherbergi og Vs. Garður austan, sunnan og vestan er graslagður. Lóð er stölluð niður vegna hæðarmismunar eins og teikning sýnir. Bílastæði eru 2 ásamt einu stæði í bílskúr. Gert er ráð fyrir tengibúnaði vegna hleðslu rafbíla við hvert bílastæði skv. gr. 6.7.1 í byggingarreglugerð. Hindrunarlaust aðgengi skal vera að sorpskýli, lóð og bílastæði. Sorpskýli er skv gr. 6.12.6 í byggingarreglugerð. Gert er ráð fyrir flokkun sorps.

BURÐARVIRKI:
Sökklar eru staðsteyptir ofan á Þjappaða fyllingu og slípuð. Undir botnplötu er einangrað með 100mm plasteinangrun. Hitalagnir eru steyptar í ílögn ofan á bornplötu með 25mm einangrun á milli.

ÚTVEGGIR:
Útveggir eru byggðir úr timburgrind 200mm, einangraðir með 150mm steinull og klæddir að innan með gipsi. Að utan er húsið klætt með flísum að mestu leiti en á sumum stöðum harðviðarklæðning.

ÞAK:
Þak er hefðbundið valma sperruÞak 45x245mm c/c 600. Einangrun í Þaki verður á milli sperra með 220mm steinull. Ofan á Þaksperrur kemur 25x150mm furi borðaklæðning, Þéttklædd, bræddur Þakpappi, 2 lög og loks báruklæðning. 0,2 rakavarið Þolplast kemur neðan á sperrurnar, 35mm lagnagrind og loks 13mm loftaklæðning. Gifsplötur í flokki 1. Loftun Þaks skal að lágmarki vera 1000 $m^2$ á hvern fermeter Þaks skv gr. 10.5. Þak loftað með loftunarrörum Q40, c/c 20. Halli Þaks er 12 %.

GLUGGAR OG ÚTIHURÐIR:
Gluggar og hurðir eru úr timbri eða ál–timbri og er allt gler er tvöfalt einangrunargler. Öryggisgler verður Þar sem Þess er krafist skv. reglugerð.

FRÁGANGUR INNANHÚSS:
Innveggir eru einangraðir og klæddir með kalkmáluðum gifsplötum í fl.1. Gifsloft er slétt sandspartlað og málað með tveimur yfirferðum af plastmálningu með lítið gljástig. Loft á baðherbergjum er málað með viðurkenndri votrýmismálingu. Gólfefni erl parket, flísar eru í votrýmum og anddyri. Frágangur votrýma sé samkvæmt RB – blöðum Nýsköpunarmiðstöðvar. Innihurðir eru spónlagðar með eikarspón.

EINANGRUN OG VARMATAPSÚTREIKNINGAR:
Þakeinangrun 220 mm steinullareinangrun. Útveggir léttbyggðir úr timburgrind með 150mm steinullareinangrun. Gólf er 200 mm plata með 100 mm burðargóðri polystren einangrun.

| | |
|---|---|
| Útveggir (Léttir timburveggir) | 0,30 W/m2K |
| Gluggar og gler | 1,60 W/m2K |
| Hurðir | 1,90 W/m2K |
| Bílskúrshurð | 0,75 W/m2K |
| Létt Þak | 0,20 W/m2K |
| Gólf á fyllingu (m.gólfhita) | 0,25 W/m2K |
| Heildar varmatap á $m^2$ – | 0,76 W/m2K |
| Vegið meðaltal útveggja | 1,24 W/m2K |

(Sjá varmatapsútreikninga á fylgiblaði)

LAGNIR:
Inntök hita vatns og rafmagns eru í bílgeymslu. Upphitun er með gólfhita. Gegnumstreymisniðurföll skulu vera í votrýmum. Skv. Gr. 195.2 og 195.3 í Byggingarreglugerð og skv. ÍST 67:2003.
Gera skal ráðstafanir svo að heitt vatn valdi ekki brunaskaða á húð t.d með viðurkenndum blöndunartækjum á töppunarstað, varmaskipti eða uppblöndun sem tryggi að vatn fari ekki að töppunarstað með hærra hitastigi en 65°. Vatnshitastig í baðherbergjum skal ekki vera svo hátt að hætta sé á húðbruna við töppunarstaði. Gera skal ráð fyrir aðstöðu fyrir hleðslu rafbíls. Ljósabúnaður og raflagnahönnun í samræmi við hönnun raflagnahönnuðar.

LOFTRÆSTING:
Húsið er loftað með opnun glugga og hurða. Baðherbergi, votrými og gluggalaus rými skulu loftræst með vélrænu útsogi. Tryggja skal eðlileg og nauðsynleg loftskipti í votrýmum.

HLJÓÐVIST:
Húsið skal uppfylla amk. Kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. Vegið hljóðeinangrunargildi skal vera 63db.

BRUNAVARNIR:
Brunamótstaða aðalburðarvirkis veggja og Þaks er amk REI60. Milli íbúðar og bílageymslu EI–60 veggur með EICS–30 innihurð. Klæðningar í bílskúr skulu vera úr flokki 1. Handslökkvitæki er staðsett við inngang. Reykskynjarar skulu vera í öllum svenherbergjum í húsinu, alrými og bílageymslu.
Algild hönnun:
Húsið er ekki hannað skv algildri hönnun en tekið skal fram að meginhluti húss Þar sem inngangur íbúðar sem og alrými húss Þar sem átt er við stofu og eldhús eru vel aðgengileg hreyfihömluðum. Þannig að vel er hægt að taka á móti gestum sem undir Þann flokk falla.

Póstkassar eða bréfarifur á aðalhurð séu í samræmi við reglugerð um grunn póstÞjónustu og Þar með lágmarkshæð á bréfalúgum (<1000<1200mm)
Sorpskýli:
Sorpskýli eru keypt tilbúin úr forsteyptum einingum og verða fyrir 3 tunnur. **Sorpskýli skulu að lágmarki vera 1m. frá lóðarmörkum.**

LÝSING:
Birtukröfur fyrir lýsingu verða í samræmi við reglugerðir um birtu (lux) í einstökum rýmum. Lýsing verður hefðbundin loftlýsing og lampar valdir í samræmi við notkun rýmisins.

ÖRYGGI:
Tekið er mið af 12. kafla byggingarreglugerðar 112 / 2012 við hönnun, val og frágang á búnaði húss. sér í lagi er varðar val á gleri gr. 12.4.3, fallhæð við glervegg eða glugga.

SKÝRINGAR:
BO = Björgunarop (amk 0,6 x 0,9 bxh)
R = Reykskynjari
Slt = Handslökkvitæki
GN = Gólfniðurfall
Lr = Loftræsting
HR = Hleðslubúnaður rafbíls

TEIKNISKRÁ

| Númer | Verk nr. | Teikn. nr. | Verkhluti |
|---|---|---|---|
| Aðaluppdrættir | | | |
| 1 | 445 | 101 | Afstaða / byggingarl. / Snið |
| 2 | 445 | 102 | Grunnmynd |
| 3 | 445 | 103 | Útlit |
| 4 | 445 | 104 | Skráningartafla |

Breyting: Dags: Lýsing:

**ARKITEKTASTOFAN AUSTURVÖLLUR**
FLÚÐASEL 66, 109 REYKJAVÍK arkaust@mmedia.is

KRISTJÁN BJARNASON
BYGG.FR. BFÍ s: 698-6930
Kt: 120369-5479

VERKEFNI: **HJALLAR 24 PATREKSFIRÐI**

TEIKNING: **AFSTAÐA - SNIÐ - BYGGINGARLÝSING**

DAGS/TEIKNAÐ: 20.02.2021 / KB BREYTING:

SIGN:

MÆLIKV: 1:100 / 1:500 | VERK NR: **A445** | TEIKN NR: **101**